

## Sigrún fór í eggjastokkabrottnám og brjóstnám til að auka lífslíkurnar



SÍÐUR 8-9

# nettó

31. október – 3. nóvember

KJÖTSEL

40% afsláttur

10 INNEIGN MED APPRIU

Bæonne skinka

1.595 kr/kg

2.659 kr/kg

KJÖTSEL

20% afsláttur

10 INNEIGN MED APPRIU

Hamborgarhryggur

1.359 kr/kg

1.699 kr/kg

KJÖTSEL

30% afsláttur

10 INNEIGN MED APPRIU

Kölnarskinka með gljáa

2.204 kr/kg

3.149 kr/kg

# VÍKURFRÉTTIR

MÍBVIKUDAGUR 30. OKTÓBER 2024 // 41. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



## Fjörug maraponsýning þar sem allt fer úrskeiðis

Leikfélag Keflavíkur frumsýndi drottningu farsanna, Allir á sviði, í Frumleikhúsinu við Vesturbraut í Keflavík síðasta föstudagskvöld. Uppfærslan er ærslafull og fjörug. Átta hurðum er skellt á víxl nær alla sýninguna og mikið reynir á leikmyndina. Farsinn Allir á sviði fjallar um leikhóp sem er að setja upp leikverkið Nakin á sviði. Verkið hefst á hinni svokölluðu generalprufu sem haldin er kvöldið fyrir frumsýningu. Þá má áhorfendum vera ljóst að allt sé að fara úrskeiðis, sem síðan verður raunin. Klúðrið við uppsetningu sýningarinnar byggist upp fram að hléi. Eftir hlé er áhorfendum boðið að fylgjast með sýningu á leikverkinu baksviðs. Þá er ástandið í leikhópnum orðið skrautlegt. Í lokapætti verksins er svo allt komið í skrúfuna hjá leikhópnum. Það má lofa áhorfendum í Frumleikhúsinu miklum hlátri á þessari maraponsýningu sem tekur um þrjár klukkustundir í sýningu. Nánar er fjallað um uppfærsluna í blaðinu í dag.

## Góðgerðarfest Blue veitti 25 milljóna kr. styrki

Sautján málefni fengu stuðning frá Góðgerðarfest Blue að þessu sinni en styrkjum var úthlutað við afhöfn í starfsstöð Blue Car Rental við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í síðustu viku. Samtals var úthlutað tuttugu og fimm milljónum króna.

Þetta er stærsta árið hingað til í söfnun fjármuna í styrktarsjóðinn. Frá því Góðgerðarfest Blue var fyrst haldið hafa safnast á milli 72 til 73 milljónir til góðra málefna í nærsamfélaginu á Suðurnesjum. Aðstandendur hátíðarinnar stefna hátt og hafa sett markið á að heildarupphæðin nái 100 milljónum króna á næsta ári.

Nánar er fjallað um Góðgerðarfest Blue á síðum 12-13 í blaðinu í dag. Þar eru viðtöl við nokkur sem tóku við styrkjum og sýndar myndir frá Góðgerðarfest hátíðinni. Einnig er fjallað um viðburðinn í Suðurnesjamagasíni í vikunni.



## Ungur ofurhugi á fleygiferð í motocrossi

SÍÐA 14



## Glöð með góðan stuðning!

Fulltrúar þeirra sautján málefna sem fengu styrk frá Góðgerðarfesti Blue, ásamt fulltrúum Blue Car Rental þegar styrkir voru afhentir. VF/pket

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK  
ELINBOURG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



## Skipulag í Reykjanesbæ



Bæjarstjórn á fundi 15. október samþykkti að auglýsa er skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr.123/2010 eftirfarandi

### Aðalskipulagsbreyting fyrir I1, AT15 og H1 Helguvík

Vinnslutillaga breytingar á aðalskipulagi fyrir iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði, I1, AT15 og H1. Breyta þarf afmörkun á iðnaðar- og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir lóðirnar Stakksbraut 4 og 15 til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða. Athugasemdafrestur er frá 31. október til og með 28. nóvember 2024. Umsagnir berist í skipulagsgátt skipulagsstofnunar. Þar eru nánari gögn. Málsnúmer: 949/2024

Bæjarstjórn á fundi 1. október samþykkti að auglýsa eftirfarandi skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010

### Deiliskipulagstillaga - Vatnsnes - Hrannargata 2-4

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 339 íbúðum í 5-6 hæða húsum og sameiningu lóða í samræmi við uppdrætti JeES arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022. Tillagan var auglýst áður en samræmdist ekki skilmálum aðalskipulags en er hér lögð fram að nýju óbreytt og er auglýst samhliða kynningu breytingar á Aðalskipulagi reits M9 Vatnsnes. Athugasemdafrestur er frá 31. október til og með 16. desember 2024. Umsagnir berist í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Þar eru nánari gögn. Málsnúmer: 746/2024

Gögnin eru einnig aðgengileg á vef Reykjanesbæjar [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)

Reykjanesbær 31. október 2024

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
VF **magasín**



**16** FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

Pantið flutning á [cargoflutningar.is](http://cargoflutningar.is)

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Gísli Heiðarsson, formaður Víðis, Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, og Ólafur Þór Ólafsson, formaður Reynis, handsala viljayfirlýsinguna á bæjarskrifstofum Suðurnesjabæjar í Garði á þriðjudagskvöld. VF/Hilmar Bragi



Sjáið viðtöl við formenn Víðis og Reynis á [vf.is](http://vf.is)

# Stefna að stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ

Knattspyrnufélagið Reynir, knattspyrnufélagið Víðir og Suðurnesjabær hafa gert með sér viljayfirlýsingu um stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ. Stefnt er að stofnun nýs félags í október 2025. Markmið með stofnun nýs íþróttafélags er að auka fagmennsku og gæði í íþróttastarfinu og stuðla að fjölbreytni íþróttageina.

Þá segir í viljayfirlýsingu að til verði eitt íþróttafélag sem samfélagið í Suðurnesjabæ sameinast um. Þannig eigi að stuðla að aukinni íþróttaiðkun hjá fólki á öllum aldri og af öllum kynjum.

Unnið verður markvisst að uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar í Suðurnesjabæ og bættri nýtingu núverandi mannvirkja. Aukinn og markvissari stuðningur frá Suðurnesjabæ verður við hið nýja íþróttafélag.

Stofnaður verður stýrihópur sem mun halda utanum verkefnið. Fyrsta verkefni stýrihópsins verður að útbúa lýsingu á verkefninu og hlutverki hópsins sem verður lögð fyrir stjórnir Reynis, Víðis og

Suðurnesjabæjar. Stýrihópurinn tekur til starfa í nóvember 2024 og mun skila áfangaskýrslu í febrúar 2025 sem verður lögð fyrir aðalfundi félaganna Reynis og Víðis. Í þeirri skýrslu komi fram tillögur að skipulagi á nýju félagi ásamt drögum að samningi milli Suðurnesjabæjar og hins nýja félags. Jafnframt liggja þar fyrir áframhaldandi tímalína vegna verkefnisins að stofnfundi félagsins.

Í stýrihópnum sitja tveir fulltrúar frá hvoru íþróttafélagi og tveir fulltrúar frá Suðurnesjabæ, þ.e. íþrótt- og tómsundafulltrúi og bæjarfulltrúi.

Suðurnesjabær mun tryggja að stýrihópurinn muni hafa nauðsyn-

legan stuðning í störfum sínum og mun það vera nánar tilgreint í verklýsingu. Stýrihópurinn mun hafa vítt samráð við sem flesta hagaðila og þá sérstaklega íbúa Suðurnesjabæjar og félaga í Reynir og Víði við stofnun nýs félags.

Í viljayfirlýsingunni segir að undirritaðir aðilar skuldbinda sig til að vinna í góðri trú að markmiðum og verklagi sem tilgreind eru í viljayfirlýsingunni.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar lýsti á fundi sínum á þriðjudag ánægju með frumkvæði og framgöngu íþróttafélaganna með viljayfirlýsingunni. „Stofnun og starfsemi eins íþróttafélags í Suðurnesjabæ er mikilvægt framlag við að sameina íbúa sveitarfélagsins í einu samfélagi og til að efla íþróttastarf til framtíðar,“ segir í afgreiðslu bæjarráðs þar sem bæjarstjóra var veitt heimild til að undirrita viljayfirlýsinguna.

■ Uppbyggingarsjóður Suðurnesja auglýsir eftir umsóknum:

## Hafa aukist hægt og rólega síðustu ár

„Umsóknir hafa aukist hægt og róleg síðustu ár. Á síðasta ári fengu 38 verkefni úthlutað styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja fyrir samtals tæpar 52 milljónir og er það hæsta upphæð sem hefur verið úthlutað frá upphafi sjóðsins,“ segir Logi Gunnarsson, verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja en opnað verður fyrir umsóknir árið 2025 föstudaginn 1. nóvember 2024 og skulu umsóknir hafa borist fyrir kl. 15 þann 5. desember 2024.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja

og er í umsjón Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Markmið Uppbyggingarsjóðs er styðja vel við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs á Suðurnesjum, menningarstarfsemi og atvinnuskapandi verkefni á svæðinu.

Sótt er um rafrænt á vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum [sss.is](http://sss.is) en þar er hægt að skoða reglur sjóðsins og leiðbeiningar við gerð umsókna. Umsækjendur eru hvattir til þess að kynna sér þær og vanda umsóknir sínar í hvítetna.

Umsækjendur sem sækja um fyrir hönd lögaðila skulu sækja um með rafrænum skilríkjum eða íslykli á kennitölu lögaðilans.

Umsækjendur geta haft samband við Loga Gunnarsson verkefnastjóra Uppbyggingarsjóðs á netfangið [logi@sss.is](mailto:logi@sss.is) eða í síma 868 9080.

Þá er einnig hægt að bóka ráðgjöf vegna umsóknarskrifa hjá verkefnastjórum SSS á netfangið [heklan@heklan.is](mailto:heklan@heklan.is).

Allt hreint  
Umhverfissvottuð ræstingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)



# Uppbyggingarsjóður Suðurnesja Auglýsir eftir umsóknnum um styrki fyrir árið **2025**

**Uppbyggingarsjóður Suðurnesja** er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja og er í umsjón Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmið Uppbyggingarsjóðs er að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs á Suðurnesjum, menningarstarfsemi og atvinnuskapandi verkefni á svæðinu.

- **Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 1. nóvember 2024.**
- **Umsóknir skulu berast fyrir 5. desember 2024, kl. 15.00.**

Sótt er um rafrænt á vefsíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum **sss.is**



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Á sömu vefsíðu er hægt að skoða reglur sjóðsins og leiðbeinandi myndband um gerð umsókna. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér leiðbeiningarnar og vanda umsóknir sínar í hvívetna.

Umsækjendur sem sækja um fyrir hönd lögaðila skulu sækja um með rafrænum skilríkjumeða Íslykli á kennitölu lögaðilans.



Einnig má hafa samband við Loga Gunnarsson, verkefnastjóra á netfangið [logi@sss.is](mailto:logi@sss.is) eða í síma 868 9080.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURNESJA



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS



SUÐURNESJA  
magasín

## Átt þú pantað pláss fyrir kosningar?

- × Fjögur blöð Víkurfréttanna fram að alþingiskosningum
- × Fjölbreyttir möguleikar á vf.is og kylfingur.is
- × Suðurnesjamagasín vikulega í Sjónvarpi Víkurfréttanna

Bókið auglýsingapláss tímanlega hjá [andrea@vf.is](mailto:andrea@vf.is)



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EYJÓLFUR EYSTEINSSON,**  
Suðurgötu 5, Reykjanesbæ,



lést umvafinn ástvinum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 20. október.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 31. október klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag HSS.

Þorbjörg Hólmfríður Pálsdóttir  
Ingi Valur Jóhannsson Ragnheiður Harðardóttir  
Eysteinn Eyjólfsson Guðrún Teitsdóttir  
Jón Páll Eyjólfsson Íris Eggertsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

# Enn um áratugur í tvöfalda Reykjanesbraut ofan Reykjanesbæjar

Ennþá er um áratugur í að tvöföld Reykjanesbraut verði lögð ofan byggðar í Reykjanesbæ milli Fitja og að Rósaselstorgi við Keflavíkurflugvöll. Vinna við frumdrög verkefnisins og fyrsta stigi hönnunar er hafin. Gert er ráð fyrir að fyrsta stigi hönnunar ljúki á næsta ári. Þetta kom fram í kynningu Vegagerðarinnar á fundi hjá Samtökum atvinnurekenda á Reykjanesi í vikunni.

Nú er unnið í valkostagreiningu, m.a. á staðsetningu mislægra gatnamóta og akstursganga, undirganga fyrir umferð gangandi og göngubrúa. Um er að ræða tvo valkosti í þeim efnum en talsverð vinna er í að sætta mismunandi sjónarmið.

Tvöföld Reykjanesbraut frá Fitjum í Njarðvík og að Rósasel-



Frá kynningu Vegagerðarinnar á fundi með Samtökum atvinnurekenda á Reykjanesi. VF/Hilmar Bragi

storgi á að vera stofnbraut sem uppfylli væntingar Vegagerðarinnar, sveitarfélaga og Keflavíkur-

flugvallar. Hún á að þjóna hagsmunaaðilum á svæðinu sem best. Til þess að svo sé er Vegagerðin með stýrihóp sem í eru fulltrúar sveitarfélaganna, Keflavíkurflugvallar og Kadeco.

Gert er ráð fyrir útbóði og framkvæmd fyrsta áfanga verkefnisins á árunum 2029 til 2033. Þar á að leggja tvöfalda Reykjanesbraut án mislægra gatnamóta. Frekari framkvæmdir eru ekki tímasettar samkvæmt núverandi áætlunum en umfangsaukning 1. áfanga er til skoðunar.

Skiptar skoðanir eru um verkefnið og staðsetningu gatnamóta í tengingum til Reykjanesbæjar. Fulltrúar Vegagerðarinnar bentu á að víða væri þrengt að brautar-svæðinu á kaflanum frá Fitjum og að Rósaselstorgi. Þó svæði séu óbyggð í dag, sé gert ráð fyrir ákveðnu skipulagi sem nú þurfi að skoða hratt svo hægt sé að taka verkefnið áfram.



Úr kynningu Vegagerðarinnar. Hér má sjá eina tillögu að mislægum gatnamótum á Fitjum. Mjög þrengt er um gatnamótin í dag. Því var m.a. velt upp í fyrirspurn hvort þarna mætti færa brautina vestar til að koma gatnamótunum betur fyrir.

Geir  
ÓLAFSSON  
LAS VEGAS  
CHRISTMAS  
Show  
2024

Jólasýning og glæsilegur kvöldverður í Gamla Bíói.  
28., 29. og 30. nóvember og 1. desember.  
Pantið á [tix.is](http://tix.is) (Smelltu á auglýsinguna í rafænu blaði.)





**MYNDSKEIÐ**  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



**FÓLKIÐ Á BAKVIÐ TJÖLDIN**

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Höfundur: Michael Frayn

Leikgerð: Gísli Rúnar Jónsson

Ljós- og hljóðhönnun: Þórhallur Arnar Vilbergsson

Leikmyndahönnun: Davíð Örn Óskarsson

# Stórkostleg skemmtun á farsa í Frumleikhúsinu



Leikfélag Keflavíkur frumsýndi um helgina farsann Allir á sviði í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar. Farsinn er eftir Michael Frayn og í leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar.

Farsinn er sprenglæglegur og fjallar um leikhóp sem er að setja upp leiksýningu sem heitir Nakin á sviði. Fyrir hlé fá áhorfendur að fylgjast með generalprufu sýningarinnar, síðustu æfingu fyrir frumsýningu.

Áhorfendur fá annað sjónarhorn eftir hlé og fylgjast þá með því sem gerist baksviðs meðan á sýningunni stendur. Þegar þar er komið við sögu hefur sýningin gengið í mánuð og er komin norður á Akureyri og ýmislegt farið að ganga á í verkinu.

Þriðji þáttur verksins gerist svo þegar sýningin er komin aftur suður yfir heiðar og á Vík í Mýrdal. Þá er heldur betur allt komið í skrúfuna hjá leikhópnum og samstarf leikaranna orðið súrt, svo ekki sé dýpra tekið í árinni.

Þessi uppfærsla Leikfélags Keflavíkur er stórkostleg skemmtun og sýningin vinnur á eftir því sem líður á hana. Verkið reynir mjög á leikarana þar sem það er óstöðvandi framvinda á sviðinu í þrjár klukkustundir. Þetta er eitt af því betra sem Leikfélag Keflavíkur hefur gert í langan tíma!

Næstu sýningar á verkinu eru föstudaginn 1. nóvember kl. 20 og sunnudaginn 3. nóvember kl. 20. Miðasala er á tix.is



## Harðasti jólapakkinn í ár Challenger XL Rafmagns barnabuggy

Fjór hjóladrifiinn með mótör við hvert hjól  
Fjarstýrður og Handstýrður  
Öflug 24V rafhlaða

Stillanleg leðursæti með 2 öryggisbeltum  
15 tommu gúmmídekk  
Bluetooth útvarp og svo margt fl.



Barnabilar.is

BARNABÍLAR



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



R A L F F A G I D N A F E L S  
 Æ E T N Ú R U T K K E V S M Æ  
 S A F A B Ý S Ó K E R I M Ó S  
 R A L Í B S Ú H R N D N É R A  
 Ó L U N D A H Æ Ú S N U A Ö L  
 R R M S Þ Ú K Ú G D A R Y S L  
 U U M G É R I S N S T T A K A  
 M N U T U M E Ö S I I G G U G  
 U Í R M T Ó L R T F I Þ Ó R A  
 R D Á Ý H R A U Þ U R A L Ó S  
 A R S Ó U F G E B Ý G F Þ Í R  
 D A P Þ Ö D M E S A G U H T A  
 D S R A L Þ E S E Þ L A R Ó T  
 U O I M Ó S T A T É Y F B Æ S  
 N P R U M L I R G Ö G O L F Á

NORÐURLÖND  
 RAUÐUR  
 ATHUGASEMD  
 ÖNUGUR  
 LUMMUR  
 ÁSTARSAGA  
 LAGMETI  
 SARDÍNUR  
 LEIKHÚS  
 TITRAR  
 HÚSBÍLAR

RÁMUR  
 HÚN  
 SVEKKTUR  
 NUDDAR  
 RÖSKUR  
 ÁFLOG  
 SLEFANDI  
 VINUR  
 TAKA

**Gangi þér vel!**

Tekur Birtingur NK við af Jóhönnu Gísladóttur GK?

Októbermánuður svo til að verða búinn og held að sjómenn geti verið nokkuð sáttir við mánuðinn. Í það minnsta sjómenn á línubátunum því veiðin hjá þeim er búin að vera mjög góð. Flest allir línubátarnir hafa verið á veiðum fyrir norðan og flestir að landa á Skagaströnd.

Hér fyrir sunnan hafa þrjár bátar verið á línuveiðum, Dúddi Gísla GK sem er með 58 tonn í sjö róðrum, landað í Grindavík. Síðan Margrét GK með 86 tonn í sextán og Særafur SH með 125 tonn í níu, báðir að landa í Sandgerði.

Stakkavík er búin að vera með mjög marga báta á Skagaströnd en mest öllum aflanum er ekið til Sandgerðis en fyrirtækið er með aðstöðu núna í húsnæði Nýfisks í Sandgerði. Stakkavík er núna með fimm báta á Skagaströnd, Katrínu GK sem er með 14,4 tonn í þremur, Geirfugl GK sem er með 34 tonn í sjö, Gulltopp GK sem er með 36 tonn í átta, Hópsnes GK sem er með 68 tonn í tólf og síðan Óli á Stað GK sem er búinn að ganga virkilega vel núna í október. Baturinn er kominn með þegar þetta er skrifað, 196 tonn í 21 róðrum og er ekki langt frá því að ná yfir 200 tonn.

Þess má geta að Óli á Stað GK hefur aldrei veitt yfir 200 tonn á einum mánuði svo þetta er ansi merkilegur árangur. Reyndar eru komnir tveir skipstjórnar á bátinn, Óðinn Arnberg hefur verið skipstjóri á bátinum undanfarnar ár og núna er Axel Þór Bergmann kominn á móti honum.

Samtals er þetta því um 350 tonn hjá Stakkavík núna í október. Hjá Einhamri sem á þrjá báta hafa bátarnir veitt um 314 tonn,



AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Gísli Súrsson GK er með 104 tonn í tólf róðrum, Vésteinn GK með 121 tonn líka í tólf túrum og Auður Vésteins SU er með 197 tonn í 21 róðrum. Allir þessir bátar eru á veiðum fyrir austan og landa að mestu á Stöðvarfirði. Veiði togaranna er búin að vera nokkuð góð. Sóley Sigurjóns GK er komin með 565 tonn í fjórum löndunum og mest 147 tonn, allt landað á Siglufirði. Jóhanna Gísladóttir GK með 421 tonn í fimm, Áskell ÞH með 387 tonn í fimm, Vörður ÞH með 378 tonn í fimm, Sturla GK með 349 tonn í sjö og Pálína Þórunn GK með 189 tonn í fjórum túrum.

Reyndar getur farið svo að Jóhanna Gísladóttir GK verði seld því að Síldarvinnslan sem á núna stóran hlut í Vísi hf. sem gerir út Jóhönnu Gísladóttir GK, hefur keypt togarann Þóri SF frá Hornafirði og sá togari heitir núna Birtingur NK. Hefur Birtingur NK

hafið veiðar og kom með 101 tonn í sinni fyrstu veiðiferð.

Ef við berum þessa togara saman þá var Jóhanna Gísladóttir GK smíðuð árið 1998 í Danmörku, Birtingur NK var smíðaður í Kína árið 2009. Jóhanna er 35,38 metra langur, Birtingur NK er 38.87 metra langur. Jóhanna er 10,5 metra breiður, og Birtingur NK 9,2 metra breiður.

Töluvert stærri lest er í Birtingi NK en togarinn hét Þórir SF og komst upp í það að koma með um 125 tonn í land í einni löndun, en Jóhanna Gísladóttir GK hefur náð í kringum 100 tonn mest í einni löndun.

Kannski er litamunurinn mest áberandi á þessum tveimur skipum því Jóhanna Gísladóttir GK er fallega græn en Birtingur NK er blár, hann er í þeim lit eftir að Skinneyþinganes ehf. á Hornafirði átti hann, blái liturinn er liturinn á skipunum þeirra.

Reyndar er liturinn hjá Síldarvinnslunni dökkblár og verður fróðlegt að sjá hvaða lit Birtingur NK sem kannski kemur í staðinn fyrir Jóhönnu Gísladóttir GK, muni fá.

Lengsta samfellda opnun Hérastubbs bakara í Grindavík

„Ég vil hvergi annars staðar vera segir Sigurður Enoðsson, bakaramestari í Hérastubbi bakari í Grindavík. Siggi er búinn að vera með þeim duglegri í Grindavík síðan bænum var lokað og hefur þurft að byrja sjö sinnum aftur með rekstur eftir rýmingar. Nú er búin að opna bæinn og Hérastubbur sér fram á hjartari tíma en hann hefur staðið í stappi við Vegagerðina vegna skiltis sem vísaði á bakariði.“

„Við vorum með skilti upp á Grindavíkurvegi en Vegagerðin tók það niður en ég setti það jafnharðan upp aftur. Það var aftur fjarlægð og ég hef ekki fengið það til baka en vonast eftir að fá skiltið sem fyrst og geti sett það upp. Reyndar var sett annað merki með kringlu á fyrsta ljósastaurnum við hringtörið, það getur bæði vísað til umferðartorgs en líka á bakari. Útlendingarnir nota samt allir Google maps, það vísar leiðina til mín og ég hef orðið var við meiri umferð útlendinga síðan bæinn opnaði á mánudaginn. Miðvikudagarnir hafa verið flottir að undanförunu því þá er alltaf eitthvað í gangi í Kvíkunni og margir Grindvíkingar koma til bæjarins og kíkja þá við hjá mér. Auðvitað er þetta ekki eins og þetta var fyrir rýmingu, það vantar auðvitað allt fólk inn í

bæinn, það var alltaf örtröð alla morgna þegar krakkarnir í skólunum komu við og keyptu nestið sitt en við ætlum að halda átrauð áfram, við viljum hvergi annars staðar vera en í Grindavík. Ég væri til í að geta leigt íbúðarhúsnæði í Grindavík, ég er orðinn leiður á keyrslunni úr Kópavogi en húsið mitt er dæmt ónýtt og ég hef fengið það greitt út. Best væri að geta flutt aftur heim og við munum gera það á endanum.“

Siggi var á fundi atvinnurekenda með þingmönnum og ráðherra um daginn og bíður eftir svörum. „Auðvitað verðum við að fara fá svör og ég skil ekki nýjustu pæl-



inguna, við eigum að geta fengið lánað allt að 49 milljónir en við verðum að hafa tekjur til að borga af láninu. Ég sé ekki hvernig þetta á að geta hjálpað mörgum aðilum. Ég skulda sem betur fer lítið sem ekkert og við erum bara þrjú að vinna hér, konan og sonurinn er með mér.

Við ætlum að halda ótrauð áfram og annasamur tími er framundan. Við verðum með fullt af nýjungum fyrir jólin, t.d. jólakleinar en mikið af vörum okkar er án mjólkur og eggja, ekki beint vegan en mjög margir vilja sneiða fram hjá mjólkurvörum og eggjum. Ég er alltaf að hvetja til þess að verðkönnun sé gerð á meðal bakaría, við erum með mjög hagstæð verð og flytjum fullt af vörum á höfuðborgarsvæðið. Þetta gengur einhvern veginn upp hjá okkur, Vísir og Einhamar versla helling af okkur, Skólamatursömuleiðis en auðvitað vantar okkur fastakúnnanna. Nú er bæinn samt opnaður og ég á von á aukningu ferðafólks til Grindavíkur og mun taka vel á móti þeim,“ sagði Sigurður.



Stúlka fædd 20.október 2024 á Ljósmeðravakt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þyngd: 2.914 grömm. Lengd: 48 sentimetrar. Foreldrar: Sædis Ágústsdóttir og Þórir Örn Jónsson. Þau eru búsett í Garði. Ljósmeðir: Jónína Birgisdóttir.

NÝBURAR

Stúlka fædd 28.október 2024 á Ljósmeðravakt Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þyngd: 3.016 grömm. Lengd: 47 sentimetrar. Móðir: Oliwia Elzbieta Szynajda. Heimili: Reykjanesbær. Ljósmeðir: Hugljúf Dan Jensen.



SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**  
 Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is  
 Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurpjónusta**  
**Varahlutir**  
**BÍLAR & PARTAR**  
 Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík  
**sími 421 7979**  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**  
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu  
 Ópið: **11-13:30**  
 alla virka daga


Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á  
**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA  
 Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu  
**HEYRN.IS**  
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF  
 Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



**-25%**  
AF JÓLA-  
LJÓSUM\*

\*Gildir ekki af Twinkly



SKANNAÐU  
KÓÐANN

# BLÁ HELGI

31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER

## 25-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

**-25%**  
AF BAÐ-  
PLÖTUM



**-25%**  
AF RAFMAGNS-  
VERKFERUM



**-40%**  
AF VÖLDUM  
MAKU VÖRUM



**-25%**  
AF HÁPRÝSTI-  
DÆLUM



**-25%**  
AF LEMAX



**-25%**  
AF HAND-  
VERKFERUM



**-25%**  
AF HARD-  
PARKETI



**-25%**  
AF FLÍSUM



**-30%**  
AF TRANÞEMO  
VINNUFÖTUM



**-25%**  
AF INNI- OG  
UTILJOSUM



**-25%**  
AF BÍLA-  
KERRUM



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



# Stundum væri ég til í að setja plástur á þetta og þetta væri bara búíð



**MYNDSKEIÐ**  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Ítarlegri útgáfu viðtalsins við Sigrúnu Helgu verður í Suðurnesjamagasíni næstkomandi föstudagskvöld. VF/JP

„Það er ofboðslega auðvelt að missa hausinn í öllu þessu ferli,“ segir Sigrún Helga Holm en þrjátíu og fjögurra ára gömul greindist hún með stökkbreytingu á BRCA1-geni sem eykur töluvert líkur á brjóst- og eggjastokkkrabbameini. Í kjölfarið tók Sigrún þá ákvörðun að fara í áhættuminnkandi aðgerðir til að auka lífslíkur sínar.

Sigrún Helga tók á móti Víkurfréttum á heimili sínu í Kópavogi en hún er uppalin í Garði. „Ég átti yndislega æsku í Garðinum, ólst þar upp ásamt tveimur systkinum. Foreldrar mínir og bróðir minn búa þar enn. Ég fluttist svo í Kópavog fyrir fjórtán árum síðan, er gift og á þrjú börn,“ segir hún í upphafi samtals okkar en Sigrún kynntist eiginmanni sínum, Andra Páli Heiðberg, þegar hún var í háskólánámi; „og það þróaðist einhvern veginn þannig að við enduðum í Kópavogi.“

**Þú hefur nú ennþá tengingu við Suðurnesin.**

„Já, mjög mikla. Fjölskylda og vinir eru ennþá búsettir þar. Systir mín [Kristrún Ýr Holm] er á fullu í fótboltanum, þannig að ég hef mikla og sterka tengingu til Keflavíkur og sæki mikið þangað.“

Sigrún mætir á flesta leiki Keflavíkur en hún starfar einnig í kringum félagið. „Ég er sem sagt í stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur og var í kvennaráði í tvö ár á undan því. Já, ég mæti mikið og styð félagið.“



Sigrún starfar sem flugfreyja.

**Áfallið miklu meira heldur en að mig hefði óráð fyrir**

Þrjátíu og fjögurra ára gömul greindist Sigrún Helga með stökkbreytingu á BRCA1-geni og það átti eftir að hafa mikil áhrif á unga konu í blóma lífsins.

„Ég fékk símtal frá erfðaráðgjöf Landspítalans í október 2018 um að ég sé með stökkbreytingu á BRCA1-geni, sem eykur líkur á brjóst- og eggjastokkkrabbameini talsvert. Þetta kemur í kjölfarið á því að á þessum tíma er mikil umræða í þjóðfélaginu um BRCA. Kári Stefánsson og Íslensk erfðagreining er að bjóða upp á skimun á þessum tíma fyrir BRCA2 og ég fer í þá skimun og hún kemur út neikvæð en við fáum svo vitneskju um það að stökkbreyting á BRCA1-geni sé í ættinni minni, föðurmegin.“

Amma mín greinist með stökkbreytinguna og pabbi fer í kjölfarið á því í skimun. Þegar hann greinist með stökkbreytinguna förum við systkinin líka í skimun. Við erum tvö systkinin sem berum þessa stökkbreytingu en systir mín sem betur fer ekki.“

**Það hefur væntanlega verið talsvert áfall að fá þessar fréttir.**

„Já, það var það – og þó að maður hafi einhvern veginn verið undirbúin að einhverju leyti, af því að ég vissi að það væru helmingslíkur á að ég gæti borið þessa stökkbreytingu, þá var áfallið miklu meira heldur en að mig hefði óráð fyrir. Það fer strax af stað ákveðið ferli, ég fer strax í MRI-skanna, og þetta er svölitið kvíðavaldandi ferli. Er eitthvað komið? Er eitthvað byrjað?“

Ég hitti lækna af Landspítalanum sem útskýra þetta ferli aðeins fyrir mér og þessi stökkbreyting sem ég er með er mjög

## VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



sjaldgæf á Íslandi og hún finnst einungis í fólki sem er ættað að vestan. Hún eykur ofboðslega mikið líkur á brjóstkrabbameini, svokölluðu þríneikvæðu brjóstkrabbameini sem er ein erfiðasta tegund brjóstkrabbameina að meðhöndla. Hún greinist gjarnan hjá mjög ungu fólki og lífslíkurnar eru lakari en hjá öðrum tegundum brjóstkrabbameina, þannig að það standa í raun tveir valmöguleikar til boða fyrir fólk. Það er að vera í reglubundnu eftirliti á sex mánaða fresti eða að fara í áhættuminnkandi aðgerðir. Þeir mæltu með því, ef ég færi þá leið að velja áhættuminnkandi aðgerðir, að gera það í kringum þrjátíu og fimm ára aldurinn – af því að þetta er mjög aggressívt krabbamein ef það greinist hjá ungu fólki.“

**Ög þú valdir þann kostinn að fara í áhættuminnkandi aðgerð. Var það ekki erfið ákvörðun?**


„Já og nei. Jú, þetta er erfið ákvörðun en á sama tíma þá var hún auðveld af því að þú vilt ekki eiga hættuna á að lenda eða þróa með þér krabbamein. Þannig að ákvörðunin sem slík var ekkert rosalega erfið, þó hún hafi verið erfið. Það er kannski það sem kemur í kjölfarið, öll þessi litlu áföll sem fylgja þessu ferli. Það er rosalega erfitt og tók mikið á – og tekur ennþá á í dag. Ég er ennþá að reyna að aðlaga lífinu öllum þessum breytingum sem fylgja bæði, ég fer í eggjastokkabrottnám í september 2020 og undirbúningsaðgerð fyrir brjóstnám í desember 2020, svo fer ég í tvöfalt brjóstnám í maí 2021 og einhvern veginn hélt maður í einfaldni að lífið yrði svölitið auðvelt þegar þú ert búin að taka þessa ákvörðun. Þá væri þetta bara búíð – sem það er í alls ekki. Í raun og veru, erfiðasta áskorunin í öllu þessu ferli er það sem kemur eftir að aðgerðunum lýkur.“

**Hvernig þá?**

„Eins og til dæmis með eggjastokkabrottnámið, þá hættir öll hormónaframleiðsla. Ég fer í raun og veru á breytingaskeiðið þrjátíu og fimm ára gömul, þar sem öll

”  
Við erum tvö systkinin sem berum þessa stökkbreytingu en systir mín sem betur fer ekki ...

hormónastarfsemin er tekin burt á einum degi. Þú færð engan aðlögunartíma þar sem hormónastarfsemin minnkar hægt og rólega. Maður áttar sig í raun og veru ekki á því hversu miklu máli hormónarnir skipta, hvernig persóna maður er og hvernig maður dýlar við aðstæður og allt það – og það hefur alveg tekið



Systkinin saman. Sigrún, Rúnar og Kristrún.



Sigrún segir bless við brjóstin.

tíma að hormónastilla sig af. Finna taktinn og það er rosalega mikið af fylgikvillum sem fylgja í kjölfarið.

Ég hef þurft að forgangsraða sjálfri mér miklu meira heldur en ég gerði áður. Streitustjórna umhverfinu mínu miklu meira. Ég þurfti svölitið að læra inn á mig upp á nýtt.“

**Lífsgæðin skert og ekki eins heilsuhaust**

**Þannig að andleg vellíðan þarf svölitið að vera í fyrirrúmi.**

„Já og það er ofboðslega auðvelt að missa hausinn í öllu þessu ferli. Þetta eru svo miklar breytingar og ég tók þetta ferli svölitið á kassann.“





Með mömmu, pabba, Krístrúnu Ýr og Aroni Inga, syni sínum, á Elland Road.

Þetta voru mín örlög og ég ákvað að gera þetta vel, vera jákvæð og takast á við þetta – en svo þegar tíminn líður þá allt í einu fara hausinn og líkaminn ekki að vinna saman, eru ekki í takt. Hausinn er svona „áfram gakk“ á meðan líkaminn á mér byrjar að segja: „Heyrðu, nú er kominn tími til að stoppa.“

Sigrún talar um að hún hafi farið að finna fyrir ýmsum óútskýrdum einkennum sem hún kannaðist ekki við eftir aðgerðirnar og hún hafi gengið á milli lækna í þrjú ár til að finna út hvað væri að hrjá hana.

„Kemur í ljós núna, eftir að ég enda á að komast til taugalæknis, að ég er með röskun á taugastarfseminni hjá mér, sem framkallar ýmis einkenni sem ég hef enga stjórn á.“

**Er það þá eitthvað sérstakt tilfelli með þig eða er þetta algengur fylgikvilli hjá konum sem fara í svona aðgerðir?**

„Ég bara þekki það ekki en þetta er eitthvað sem getur komið út af áföllum eða álagi, sem maður er búin að vera í viðvarandi í svölitið langan tíma. Eins og ég segi, ég einhvern veginn áttaði mig ekki á því af því að ég var ákveðin í því að takast á við þetta og upplifði ekki að þetta væri að hafa eins mikil áhrif á mig og raunin er – en ég bara þekki það ekki alveg nógu vel.“

En eins og þú segir þá ákvaðst þú að bara taka þetta á kassann. Hefurðu alltaf haldið haus, ekkert bognað undan þessu? Ekkert séð eftir því að hafa farið í þetta?

„Jú, jú. Alveg oft. Ég hef ekki séð eftir því en það hefur auðvitað komið þessi hugsun þegar ég finn svona ofboðslega mikla breytingu á mér, lífsgæðin eru skert og ég er ekki eins heilsuhraust. Þetta er náttúrulega ofboðslega erfitt fyrir fullkomlega heilbrigða manneskju að undirgangast svona stórar aðgerðir og lífið er einhvern veginn allt öðruvísi og þú þarft að aðlaga allt upp á nýtt. Stundum væri ég bara til í að setja plástur á þetta og þetta væri bara búíð. Ég hef ekki séð eftir þessu því maður vill ekki eiga hættuna á að fá krabbamein og þurfa mögulega að fara í gegnum allt sem fylgir því – en þetta hefur alveg verið erfitt.“

**Þú ert fyrrverandi íþróttamanneskja, stundaðir fótbolta, í líkamlega góðu formi og ert heilsuhraust. Það hefur væntanlega hjálpað þér í gegnum þessa aðgerð. Maður getur ímyndað sér að þetta geti tekið talsvert meira á konur sem eru ekki í jafn góðu andlegu og líkamlegu ástandi.**

„Engin spurning og ég hef alltaf verið ofboðslega dugleg að hreyfa mig. Það skiptir ofboðslega miklu máli akkúrat núna

að því að einn af þessum þáttum er t.d. að ég er í aukinni hættu á að fá beinþynningu, aukinni hættu á að fá ýmsa hjarta- og æðasjúkdóma. Mér er ráðlagt að stunda hreyfingu upp á beinin. Ég er með beingisnun og þarf að fara í beinþéttimælingu einu sinni á ári til að fylgjast með því. Þannig að jú, það skiptir ofboðslega miklu máli. Ég finn það bara að það hjálpar mér og mér líður miklu betur – og það hjálpar líka í öllu þessu ferli.“

**Fjölskylda og vinir hafa gert ferlið bærilegra**

**Þú átt góða fjölskyldu sem væntanlega stendur við bakið á þér. Hvernig brást hún við þegar þessar fréttir komu upp úr kafinu?**

„Ég er náttúrulega ofboðslega heppin að hafa gott stuðningsnet í kringum mig, bæði fjölskyldu og fullt af vinum. Þau hafa stutt mig og verið til staðar í einu og öllu. Mér finnst ofboðslega gott að tala um þetta, það hjálpar mér ofboðslega mikið – þau eru alltaf til staðar til að hlusta og hafa gert þetta ferli bærilegra fyrir mig.“

Sigrún segist vera ákaflega þakklát fyrir það bakland sem hún hefur og að þær breytingar sem vinir og fjölskylda hafi lagt á sig til að aðlaga sig að henni og sá skilningur sem þau hafi sýnt henni hafi hjálpað mikið.

**Hvernig er svo með þetta stökkbrigði sem þú greinist með, er þá til dæmis búíð að skima börnin þín?**

„Nei, þau geta farið í skimun þegar þau eru átján ára. Elsti strákurinn minn er ekki farinn og hann gerir það bara þegar hann telur það tímabært fyrir sig. Dóttir mín er nýbúin að fá að vita að hún geti verið mögulegur arfberi, hún er tólf ára. Þetta er í raun og veru miklu meiri aðgerðir í kringum konur með þessa stökkbreytingu heldur en karlana – en þetta er álag og þetta veldur ákveðnum kvíða, að þurfa alltaf að vera að fylgjast með því, eða hafa áhyggjur af því, hvort að eitthvað sé komið. Þetta er áfall. Þó maður greinist ekki með krabbameini þá er þetta ofboðslegt álag.“

**Og þú segir að karlar þurfi líka að fylgjast með þessu. Nú veit maður svo lítið um þetta sjálfur og einhvern veginn í mínum huga þá tengist þetta bara konum. Einn af þessum kvennasjúkdómum – en það er ekki þannig?**

„Nei, eins og ég veit með BRCA1 þá eru þeir í aukinni hættu á að fá



Sigrún á ferðalagi með eiginmanninum, Andra Páli, og yngri börnunum tveimur, Heklu Maren og Erni.

blöðruhálskrabbamein og þurfa að fara í blóðprufu einu sinni á ári til þess að fylgjast með gildunum. Karlmennt geta fengið brjóstakrabbamein líka. Þannig að það er mjög mikilvægt að fólk sé meðvitað um þetta og fylgist vel með sér, sama hvort það eru karlar eða konur.“

**Hvernig er að eiga við stofnun eins og Landspítalann í svona málum? Er góður stuðningur við fólk sem gengur í gegnum þetta?**

„Það er það, ég fer strax í viðtal hjá erfðaráðgjöfinni og fæ strax tíma hjá lækni. Ég hefði samt alveg viljað hafa upplýsingar um það sem gerist eftir aðgerðirnar. Þú færð bækling og allt um hvernig aðgerðin virkar en þessa eftirfylgni og fræðslu mætti alveg bæta. Ég þurfti svölitið að leita sjálf að upplýsingum um hvað myndi gerast í kjölfarið, sérstaklega af eggjastokkabrottnáminu. Hormónastarfsemin, breytingaskeiðið hjá konum, allt þetta. Þú færð engan sérstakan bækling, þú færð bara; „gjörðu svo vel, hérna eru töflur. Hormónauppbótameðferð fyrir þig.“ Það hefði ég vilja fá meiri upplýsingar og fræðslu um.“



... ég tók þetta ferli svölitið á kassann. Þetta voru mín örlög og ég ákvað að gera þetta vel, vera jákvæð og takast á við þetta ...

Það er öðruvísi með brjóstnámið, það er í raun og veru aðgerðin og ég fer í eftirlit einu sinni á ári samt sem áður. Ég hef minnkað mínar líkur í svokallaðar almennar líkur. Ég er í raun og veru í sömu áhættu núna og aðrar konur. Þó að ég sé búin að fara í brjóstnám þá eru líkurnar ennþá til staðar,“ segir Sigrún Helga en lengri útgáfa viðtalsins við hana mun birtast í Suðurnesjamaðagasíni næstkomandi föstudag.



# Störf í boði hjá Reykjanesbæ

## Störf í leik- og grunnskólum

- Holtaskóli** - Umsjónarkennari í 1. bekk
- Stapaskóli** - Kennari á miðstigi
- Stapaskóli** - Kennari í íþróttir og sund
- Stapaskóli** - Umsjónarkennari á unglíngastigi

## Önnur störf

- Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn
- Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?**

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.







Halla Karen Guðjónsdóttir las sögur úr Latabæ fyrir hóp barna sem heimsóttu Bókasafn Reykjaneshæjar á laugardagsmorgni.



Fjöla tröllastelpa tók á móti gestum og bauð upp á lummur við Skessuhellinn í Gróf.



Að Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd er hægt að skoða gamalt skólahús og muni sem tengjast langri skólasögu í Vogum og á Vatnsleysuströnd.



Vélar úr safni Guðna Ingimundarsonar voru gangsettar á Byggðasafninu á Garðskaga á Safnahelginni. Fjölmargir sóttu safnið heim um helgina.

## Af nógu að taka á Safnahelgi

Suðurnesjafólk var duglegt að sækja söfn og viðburði á Safnahelgi á Suðurnesjum sem fram fór nýliðna helgi. Viðburðir voru í öllum fjórum sveitarfélögum á Suðurnesjum í tilefni hátíðarinnar og frítt var á öll söfn sem tóku þátt.

Margir notuðu síðasta sunnudag til að leggja leið sína til Grindavíkur, sem hefur verið opnuð upp á gátt. Ljósmyndasýningin Reykjanes vaknar var á bílastæðinu við Festi. Sigurður Ólafur Sigurðsson, ljósmyndari, hefur tekið mikið magn mynda í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesskaga á síðustu árum og úrval þeirra mynda hefur ratað á stór útiskilti sem sjá mátti í Grindavík. Fólk notaði einnig tækifærið til að heimsækja þá veitingastaði sem eru opnir í bænum og skoða ummerki eftir náttúruhamfarir og viðbrögðin við þeim.

Safnahelginni var formlega ýtt úr vör við Reykjanesvita snemma í síðustu viku og það má svo segja að Halla Karen Guðjónsdóttir hafi byrjað dagskrá safnahelgarinnar á Bókasafninu í Reykjaneshæ með yngsta fólkinu, þar sem hún las sögur úr Latabæ. Á bókasafninu var einnig sýningin Mamma, ég vil ekki stríð! þar sem sýndar voru teikningar unnar af börnum sem hafa upplifað stríð á eigin skinni.

hjá Skessunni í Hellinum á sunnudaginn. Þá var mikil veðurblíða sem fólk nýtti sér til að fara á milli fjölbreyttra viðburða á Suðurnesjum.

Margir kíktu við á stríðsminjasýningu í Svarta pakkhúsinu. Sömu sögu er að segja úr Bragganum í Garði þar sem Ásgeir Hjálmarsson er með stórt og mikið einkasafn ýmissa muna.

Þurrabúðarlífið í Stekkjarkoti vakti athygli og það gerðu einnig sýningar við Reykjanesvita, þangað sem margir lögðu leið sína.

Sýningin „Ethoríó Galleríó“ inniheldur málverk og teikningar undir áhrifum Pop-listar. Hún var í bíosal Hljómahallar. Merkileg sýning sem vakti m.a. athygli ríkislögreglustjóra sem hafði ástæðu til að ræða eitt myndverkið sérstaklega við listamanninn Ethoríó.

Við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd hefur Minjafélag Vatnsleysustrandar komið sér fyrir og þar voru bæði fjölskyldusamvera og sagnastund. Tarotspil Norrænna goðasagna voru til umfjöllunar á bókasafninu í Sandgerði á sunnudag og þá var einnig hægt að versla á flóamarkaði á Garðskaga og handverk hjá Duus handverki í Reykjaneshæ, svo stiklað sér á stóru í Safnahelgi á Suðurnesjum, sem gæti verið safnavika á Suðurnesjum því af nógu er að taka þegar kemur að söfnum og sýningum á svæðinu.



Ljósmyndasýning við Festi í Grindavík.

Á Bókasafni Suðurnesjabæjar í Sandgerði var önnur myndasýning. Sú var úr myndasafni Víkurfrétta og spannar rúmlega fyrsta áratug Víkurfrétta. Þar sátu yfir 40 manns í góðar tvær klukkustundir og ræddu þær myndir sem voru sýndar á sýningartjaldi.

Í Duus safnahúsum var ýmislegt við að vera. Þar eru nokkrar sýningar en auk þeirra voru fjölskyldusmiðja, tónleikar og slökun.

Byggðasafnið á Garðskaga fékk fjölmarga í heimsókn yfir helgina. Þar er margt að sjá og gestafjöldinn á árinu er kominn yfir 12.000 manns. Vélar úr safni Guðna Ingimundarsonar voru gangsettar og áhugaverðar sýningar safnsins skoðaðar.

Í Unuhúsi í Garði var boðið upp á vöflur með rjóma og Fjöla tröllastelpa bauð upp á lummur

★★★ Fleiri myndir frá Safnahelgi á vf.is ★★★



Valdimar Guðmundsson og Ásgeir Aðalsteinsson tróðu upp í Listasafni Reykjaneshæjar. Þeir eru hluti af hljómsveitinni LÖN, en einn úr bandinu forfallaðist. Þar með gátu Valdi og Ásgeir látið ljós sitt skína skærar en ella.



Húsfyllir var á tónleikum þeirra Valdímars og Ásgeirs. VF/Hilmar Bragi

## Árshátíð Félags eldri borgara á Suðurnesjum

**Haldin 23. nóvember næstkomandi að Nesvöllum.**

**Húsið opnar kl. 18.30. Borðhald hefst kl. 19.00**

**Setning:** Kristján Gunnar formaður FEBS.

**Veislustjóri:** Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson.

**Hljómsveit:** Hinir stórkostlegu og sívinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsík.

Örvar Kristjánsson, Njarðvíkingur og gleðigjafi skemmtir.

**Aðgöngumiði:** Verð kr. 8.500 á mann.

Gildir sem happadrættismiði og er innifalinn í miðaverði.

**Matur:** Glæsilegur þriggja rétta kvöldverður frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

**Miðar seldir á Nesvöllum 13. og 14. nóvember frá kl. 12.00 til 16.00**

**Greiðsla:** Peningar og posi á staðnum.

Björg Ólafsdóttir: 865-9897

Kristinn Þormar 897-8835

Baldvin Elís: 662-3333



## FS-ingur vikunnar:

Nafn: Tristan Einarsson  
Aldur: 17 ára  
Skóli: FS



# Jákvæðni er best

Tristan Einarsson er nemandi í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Hann er ánægður með félagslífið og er hreinskilinn.

Á hvaða braut ertu? Viðskipta- og hagfræðibraut.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Elli Egils eftir Herra Hnetusmjör.

Hver er helsti kosturinn við FS? Félagslífið.

Hver er þinn helsti kostur? Hreinskilinn.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Viktor Örn fyrir að keppa í fitness og vera illa massaður.

Hver er þinn helsti galli? Hreinskilinn.

Hver er fyndnastur (fyndust) í skólanum? Jökull Eyfjörð.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Instagram.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Motocross og Hard enduro.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Jákvæðni.

Hvað hræðistu mest? Massaðar kengúrur.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Atvinnumaður í Hard Enduro.

## Samráð olíufélaga



Fákeppni fyrirtækja hér á Íslandi er alþekkt og hvítleitt fyrirbæri. Í því sambandi nægir að nefna tryggingsfélög, banka, matvöruverslanir og ekki síst olíufélögin. Samkeppniseftirlit ræður ekki við þetta ástand og ráðamenn þjóðarinnar eru ráðalausir í málinu. Þegar Costco fór að bjóða bensín og olíu á mun lægra verði en olíufélögin sem fyrir voru, þá lækkuðu þau fljótlega verð á nokkrum stöðum í nágrenni Costco. Eftir að margar kvartanir bárust félögunum um mismunun, þá lækkaði verðið á Akureyri til samræmis við þá staði á höfuðborgarsvæðinu þar sem lægsta verð var boðið.

Svo bárust félögunum fleiri kvartanir um mismunun og þá var verðið lækkað á Selfossi og svo nýlega í Borgarnesi. Á þessum stöðum þar sem verð er lægst í dag, er það um 284 kr. / lítri, en verðið hjá Costco er 269 kr. / lítri.


### Engin verðlækkun á Suðurnesjum

En eftirtektarvert er, að olíufélögin hafa ekki veitt neinar verðlækkningar.

á Suðurnesjum. Þar þarf nefnilega að hafa sem mest út úr ferðafólki á bílaleigubílum. Hjá N1, ÓB og Atlantsolíu við Reykjanesbraut má finna dætur með nær hæstu verðum hér á landi. Þannig er það bara.

Við Suðurnesjamenn sem erum á bensín eða dísel bílum sjáum við þessu, við fyllum upp þegar við eigum leið inn á höfuðborgarsvæðið.

Bestu kveðjur,  
Jón Norðfjörð.



## NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
magasín



NOKIAN  
TYRES

## Kauptu Nokian gæðdekk fyrir veturinn!

Finndu réttu dekkinn fyrir bílinn þinn.

FINNDU  
DEKKIN ÞÍN  
Á MAX1.IS

Bókaðu dekkjaskiptin á nýju verkstæði MAX1 við Flugvelli 22 í Reykjanesbæ á max1.is.

MAX1  
BÍLAVAKTIN



# Sautján styrkir til aðila á Suðurnesjum fyrir 25 milljónir frá Góðgerðarfesti Blue

Sautján málefni fengu stuðning frá Góðgerðarfest Blue að þessu sinni en styrkjum var úthlutað við athöfn í starfsstöð Blue Car Rental við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í síðustu viku. Samtals var var úthlutað tuttugu og fimm milljónum króna til eftirfarandi aðila:

Lindin - Akurskóli

Óspin - Njarðvíkurskóli

Eikin - Holtaskóli

Meistaragarður - sérúrræði Stóru-Vogaskóla

Meistara- og Þingvellir - Sérúrræði Heiðarskóla

Sérúrræði Háaleitiskóla

Sérdeild Gerðaskóla

Skjólíð - hjá Reykjanesbæ er eftirskóla úrræði fyrir fötluð börn í 5.-10.

bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Þar er einnig nokkrir fatlaðir

einstaklingar úr Fjölbrotaskóla Suðurnesja sem fá aðstöðu hjá þeim.

Skjólíð - eftirskólaúrræði fyrir nemendur með raskanir í 5.-10. bekk,

Börn úr Sandgerðisskóla, Gerðaskóla og Stóru-Vogaskóla sem dvelja

þar.

Íþróttafélagið Nes

Björgin - Geðræktarmidstöð Suðurnesja

Hæfingarstöðin

Proskahjálp á Suðurnesjum

Minningsjóður Ragga Margeirs

Minningsjóður Ölla

Krabbameinsfélag Suðurnesja

Suðurhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldi



Um sjö hundruð manns mættu í gleðina á Góðgerðarfest Blue Car Rental sem haldið var í húsakynnum fyrirtækisins.



■ Kristín Blöndal, deildarstjóri í Óspinni:

## Kaupa dýra hluti í skynörvunarherbergi

Við Njarðvíkurskóla er starfrækt sérdeildin Ósp sem stofnuð var árið 2002 þegar skólaúrræði vantaði fyrir nemendur sem gátu ekki nýtt sér almenna bekkjarkennslu. Deildin er hugsuð fyrir nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar sem þurfa á slíku skólaúrræði að halda og sinnir meðal annars nemendum með þroska-kerðingu, Down's heilkenni, Rubenstein heilkenni, hreyfihömlun, einhverfu sem og langveika nemendur.

„Þessi styrkur hefur mikla þýðingu fyrir okkur. Við getum keypt hluti sem eru mjög dýrir og fara í skynörvunarherbergið okkar, eins og boltabað, gjónapúða, ljósamastur og allskonar óhefðbundið kennsludót fyrir okkar nemendur,“ segir Kristín Blöndal, deildarstjóri hjá Óspinni.

**Hvað er þetta viðamikil starfsemi hjá ykkur?**

„Óspin er sérhæft námsúrræði og erum með 24 nemendur. Við



erum miðlægt úrræði sem þýðir að við þjónustum Reykjanesbæ sem heild. Við erum með nemendur úr öllum skólahverfum. Starfsemin er mikil og við erum stærsta sérhæfða námsúrræðið með nemendur úr 1. og upp í 10. bekk sem þurfa mikla þjónustu. Óspin hefur vaxið og dafnað undanfarna tvo áratugi. Við áttum tuttugu ára afmæli árið 2022. Við vorum fyrst lítil og krúttleg deild í 100 fermetra húsi sem var gamall gæsluvöllur. Í dag er þetta 550 fermetra hús sem er búið að byggja við fimm sinnum og er mjög öflug starfsemi hjá Reykjanesbæ.“

■ Díana Hilmarsdóttir, forstöðumaður Bjargarinnar:

## Gera rafræna sjálfshjálparbók

**Hvernig gengur starfið í Björginni og hvaða þýðingu hefur það að fá svona styrk?**

„Starfið gengur vel og það hefur gríðarlega þýðingu fyrir okkur að fá svona styrk svo við getum hlúð betur að okkar notendum hér á Suðurnesjum.“

**Hvað er þetta viðamikið starf hjá ykkur?**

„Við erum í dag með skráða 173 notendur sem eru að nýta sér þjónustu okkar að einhverju tagi. Það hefur verið aukning undanfarna ár.“

**Í hverju felst ykkar þjónusta?**

„Við erum tvískipt úrræði. Við erum annars vegar grunnendur-



hæfing og svo erum við athvarf, þar sem markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun. Við erum að sinna átján ára og eldri sem eru að kljást við einhverskonar geðheilsuvanda.“

Díana segir að endurhæfingin sé með ákveðið prógram og þar þurfa

einstaklingar að uppfylla ákveðin skilyrði en þau sem leita til Bjargarinnar í athvarfið koma þangað á eigin forsendum og það sé mjög misjafnt hversu oft fólk kemur og hversu lengi það stoppar.

Hjá Björginni starfa fimm starfsmenn í rúmlega fjórum stöðugildum. „Við erum allar konur, miklar hugsjónakonur og þykir mjög vænt um þessa starfsemi.“

Díana segir að margar hugmyndir séu á lofti með það hvernig eigi að verja styrknum frá Góðgerðarfesti Blue. Þau langi mikið til að búa til rafræna sjálfshjálparbók fyrir notendur og með þeirra aðkomu. Bókin mun heita Bjargráð og er það fyrsta sem er á döfinni.

■ Jóhann Jóhannsson frá Íþróttafélaginu Nes:

## „Getum nú eftir starfið okkar“

**Hvaða þýðingu hefur svona styrkur fyrir ykkar félag?**

„Hann hefur gríðarlega mikla þýðingu. Við getum nú eftir starfið okkar og kynnt allar greinar almennilega og reynt þannig að ná inn fleiri iðkendum. Það er lágt prósent fatlaðra staklinga og barna með sérþarfir að æfa. Þetta er liður í því að styrkja starfið til að ná fleirum inn.“

**Hvaða greinar eru helstar hjá ykkur?**

„Við erum með sex greinar í boði hjá okkur, þar af eru fimm ólympíugreinar, þar sem annað hvort er keppt í Special Olympics eða Paralympic. Garpasund er ekki hluti af því en við erum með badminton, fimleika, taekwondo, boccia og svo er að bætast við judo hjá okkur.“



Æfingagjöldin hjá okkur eru með þeim lægstu á landinu. Við borgum 60.000 krónur á ári og iðkendur okkar fá að æfa allar greinar sem eru í boði.“

**Hvað eru mörg að æfa og hvar eruð þið að æfa?**

„Við erum með 30 iðkendur og erum að æfa í Suðurnesjabæ og í

Bardagahöllinni í Reykjanesbæ, í Fimleikaakademíunni og í Heiðarskóla. Það er æfing í hverri grein einu sinni í viku og iðkendur geta æft fimm sinnum í viku ef þeir flakka á milli greina.“

**Þið hafið verið lengi að. Hefur það ekki sýnt sig mikilvægið að hafa þetta félag?**

„Þetta félag er gríðarlega mikilvægt í samfélaginu. Það kemur að íþróttaiðkun einstaklinga sem eru með sérþarfir þar sem félögin í kring hafa ekki burði til að bjóða upp á æfingar fyrir þessa einstaklinga. Þá erum við að taka við þeim og reyna að finna hvað við getum gert fyrir þá.“



Herra Hnetusmjör tryllti lýðinn.



Blue-bræðurnir Magnús Sverrir og Þorsteinn Þorsteinssynir.



Þorsteinn, faðir bræðranna, setti hátíðina.



## Hlupu 10 km fyrir Minningarsjóð Ölla

Börnin sem tóku á móti styrknum fyrir hönd Minningarsjóðs Ölla hlupu tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í sumar og söfnuðu áheitum fyrir sjóðinn. Þau heita Hafsteinn Leó Sævarsson, Heiða Laufey Sævarsdóttir, Björn Kristinsson og Ólafur Frosti Brynjarsson.

„Það er svo einstaklega fallett að sjá börn leggja á sig til að styðja önnur börn til íþróttaiðkunar, að þau skuli vera meðvituð um það að það sitja ekki öll börn við sama borð. Við erum þeim einstaklega þakklátar,“ segir Særún Lúðvíksdóttir, stofnandi Minningarsjóðs Ölla. Hann er stofnaður í minningu Örlygs Arons Sturlusonar, eða Ölla eins og hann var kallaður, til að styrkja börn til íþróttaiðkunar sem búa við bága fjárhagsstöðu forsjáraðila. Lesa má um sjóðinn á [www.minningarsjodurolla.is](http://www.minningarsjodurolla.is)



Bubbi Morthens tók lagið.

## ■ Þorsteinn Þorsteinsson hjá Blue Car Rental:

# Skemmtilegast er að sjá styrkuppheðina vaxa

Þessi hugmynd ykkar starfsmanna hjá Blue Car Rental að halda gott októberfest hafi undið vel upp á sig?

„Heldur betur. Þetta er búið að vinda vel upp á sig og það sem er skemmtilegast er að sjá styrkuppheðina vaxa og vaxa og sjá fyrirtækjum sem vilja koma með okkur í þetta fjölga mikið. Það er stærsti sigurinn og markmiðinu er náð.“



## Þið toppið ykkur á hverju ári. Hvað var þetta mikið í ár?

„Það söfnuðust tuttugu og fimm milljónir sem fara í sautján málefni. Við gætum ekki verið stoltari. Við toppum okkur á hverju ári og að sjálfsögðu ætlum við að gera það á næsta ári líka. Við erum í dag komin í 72-73 milljónir króna frá upphafi og stefnum á 100 milljónir, þannig að við verðum að gera betur á næsta ári. Hundrað milljónir á fjórum árum væri alveg geggjáð.“

## Hvar náði þið í þessa aura?

„Frá fyrirtækjum sem við erum að vinna með, sem trúá á það sem við erum að gera og treysta því sem við stöndum fyrir með Góðgerðarfestinu. Við leggjum okkur fram í því að láta vita

hvert styrkinnir fara og hvernig þeir eru að nýtast. Við viljum tala um þetta því styrkinnir eru að fara á frábæra staði og nýtast frábærlega. Þegar fleiri sjá og vita þetta þá eykst styrkuppheðin. Við erum bara að vekja athygli á málefnum og láta gott af okkur leiða í mikilli samvinnu við þá sem við vinnum náið með.“

Þau félög og starfsemi sem hefur verið að fá styrki frá Góðgerðarfesti Blue eru meira og minna í nærsamfélaginu á Suðurnesjum. „Við höfum vandað okkur í ferlinu þannig að hver einasta króna er að fara í góð málefni,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson hjá Blue Car Rental. Hann segir hópinn stoltan af verkefninu og þegar sé farið að leggja drög að næsta ári.

ALLT UM GÓÐGERÐARFEST  
BLUE Í ÞÆTTI VIKUNNAR

SUÐURNESJAN  
magasín

## Ný herrafataverslun með stærðir XL-8XL

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun  
[www.stout.is](http://www.stout.is)

**STOUT**

Holtagarðar 2.hæð // Reykjavík // S. 581-1552





# Ungur ofurhugi á fleygiferð

„Flestir eru í fótbolta eða körfubolta, ég bara passaði ekki inn í fótboltann eða körfuboltann en er alltaf búinn að passa mjög vel inn í motocrossinu,“ segir ofurhuginn Aron Dagur Júlíusson sem hefur lagt íþróttagreinina motocross fyrir sig og þrátt fyrir að vera einungis tíu ára gamall er hann orðinn atvinnumaður í motocrossi á Spáni.



## Byrjaði þriggja ára

Hvernig datt þér í hug að fara í motocross?

„Ég byrjaði í motocrossi á þriggja ára afmælisdeginum mínum þegar mamma og pabbi gáfu mér fyrsta PV 50 cc hjólið mitt í afmælisgjöf. Já, þannig að þetta bara byrjaði og ég fór að fara oft og oft í Sólbrekku. Svo byrjaði ég að æfa með þjálfara og þetta byrjaði þar, þegar ég var þriggja ára.“

Flestir þriggja ára krakkar sem ég þekki eru nú bara á þríhjólum. Er ekki svolítið sérstakt að vera á mótorhjóli þriggja ára?

„Jú, örugglega. Það eru ekki margir sem eru það, ég held ekki.“

Gekstu strax í eitthvað akstursfélag?

„Sko á þessu ári gerði ég samning við DDR Racing Team, sem er lið sem var stofnað á Spáni á þessu ári og mér var boðinn samningur.“

Á Spáni? Það er nú svolítið langt að skjótast þangað á æfingar.

„Ég fer oftast þangað bara í keppnisferðir en ég átti heima þar í eitt og hálf ár, á Malaga-svæðinu,“ segir Aron.

## Keppir á Spáni

„Ég er búinn að fara í allar keppnirnar í Andalúsíumeistaramótinu og gengið vel þar. Já, mér hefur gengið vel á Spænska meistaramótinu og gekk vel á Íslandsmótinu.“

Þú hlýtur nú að vera búinn að vinna eitthvað af verðlaunum í gegnum tíðina.

„Já, ég er búinn að vinna nokkuð mikið af verðlaunum,“ segir Aron og brosir stoltur af sjálfum sér og spyr: „Á ég að telja þau upp?“ 2019 varð Aron bikarmeistari í 50 cc, þá sex ára gamall, og aftur 2020. Árið 2021 og 2024 bikarmeistari á 65 cc. Þá hefur Aron lent í öðru sæti á þremur Andalúsíumeistaramótum, þrjú bikarar þar, og í sumar vann hann tvö mót á Íslandsmótinu í 65 cc.

Hann segir talsverðan mun á því að keppa á Íslandi og Spáni. „Það er munur á brautunum og hitinn. Svo eru miklu fleiri að keppa á Andalúsíu. Hvað það eru margir og hvað þeir eru góðir. Það eru alveg rosalega góðir keppendur á Spáni en það eru líka mjög góðir hérna á Íslandi.“

## VF ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



## Erfitt og ekki hættulaust

„Samkvæmt mörgum er motocross bara það erfiðasta sem það hefur prófað,“ segir Aron. „Það er rosalega góður árangur að lenda í topp tíu í einhverju móti eins og Andalúsíumeistaramótinu – þú þarft að vera búinn að æfa í mörg ár til að verða það góður.“

Þannig að þú ert vel undirbúinn fyrir frábæran feril í motocrossi þar sem þú byrjar bara þriggja ára gamall.

„Já, ég vona að minnsta kosti að ég muni hafa mjög góðan feril og



ég vona að þetta verði skemmtilegt, mjög skemmtilegt. Það er af hverju ég er í þessu sporti, ef þetta væri leiðinlegt væri ég ekkert í þessu.“

En þú hefur nú ekki alveg sloppið við meiðsli í þessu.

„Nei, ég held að enginn sleppi við meiðsli á öllum sínum ferli. Eins og í sumar þá tók ég dálítið stórt fall. Þá bilaði hjólið mitt í miðju lofti og ég fer fram fyrir mig – og dett úr mjaðmalið. Sem er alveg dálítið vont,“ segir Aron og grettir sig. „Ég þurfti að vera í hjólastól í sex vikur og fyrstu vikuna mátt ég ekki einu sinni fara í hjólastól.“

Var ekkert erfitt að rífa sig upp og fara aftur á bak á hjólinu?

„Jú, það var alveg dálítið erfitt – en ég hugsaði bara að þetta væru ekki mín mistök þannig að ég gerði ekkert rangt. Í raun og veru þurfti ég ekkert að vera hræddur, það er mjög sjaldgæft að hjólið bili á svona óheppilegum tíma.“

## Æfingaferðir og keppnir

„Fyrir nokkrum vikum fór ég til Belgíu að keppa á Coupe de l'Avenir og stóð mig alveg fínt þar.

Svo keppti ég í bLU cRU-inu þar sem allir bestu frá eiginlega öllum löndum í heimi skrá sig í keppnina. Það voru yfir tvö hundruð sem skráðu sig og fjórutíu af þeim, meðal annars ég, voru valdir til að keppa í úrslitunum. Ég var tíundi í startinu og vann mig upp í þriðja sæti en svo dett ég og enda í tíunda sæti.

Það er eitt sem heitir Master Class, þetta eru svona æfingabúðir, og þar eru fyrsta, annað og þriðja sætið í úrslitunum og tvö svona „wild cards“. Þannig að þjálfararnir og atvinnuökumenn á stóru hjólunum mega velja tvo sem stóðu sig vel í þessar æfingabúðir – og ég var annað af þessum „wild cards“. Þannig að ég er einn af þessum fimm úr 65 cc sem fæ að fara í þessar Masterclass-æfingabúðir,“ sagði Aron en æfingabúðirnar verða í nóvember. Hann fer út skömmu eftir mánaðarmót og tekur þátt í nokkrum Andalúsíu- og Cordobameistaramótum; „... og svo fer ég á Masterclass.“

Lengra viðtal verður við Aron Dag í Suðurnesjamagasíni á föstudaginn.

Í Suðurnesjamagasíni fer Aron Dagur yfir helstu öryggishlífur sem nauðsynlegar eru í motocrossi. Á innföllu röntgenmyndinni sést hvernig hann hrökk úr mjaðmalið þegar hann datt í keppni fyrr í ár.





# Knattspyrnudeild UMFG í lausu lofti varðandi aðstöðu fyrir meistaraflokk karla í vetur

„Við ætlum okkur að berjast til síðasta blóðdropa,“ segir Haukur Einarsson, formaður knattspyrnudeildar UMFG í Grindavík en segja má að nokkuð söguleg stund hafi verið fimmtudaginn 24. október. Þá hélt stjórn knattspyrnudeildarinnar fyrsta fundinn í Gula húsinu, félagsheimili deildarinnar við knattspyrnuvöll Grindvíkinga.

Róðurinn hefur verið erfiður en mikil ánægja ríkir með nýtilkomið samstarf við knattspyrnudeild Njarðvíkur varðandi meistaraflokk kvenna, liðin voru sameinuð á dögnum og þar með eru grindvískar knattspyrnukonur með öruggt skjól og æfingaaðstöðu í Nettóhöllinni í Reykjanesbæ með njarðvískum liðsfélögum sínum. Staða karlaliðsins er snúnari.

Á þennan fyrsta stjórnarfund í Gula húsinu voru fimm af sjö stjórnarmönnum mættir, fyrir utan Hauk þeir Sigurður Óli Þórleifsson, Ingi Steinn Ingvarsson, Tómas Þór Eiríksson og Brynjar Ragnarsson. Ólafur Már Sigurðsson og Jón Júlíus Karlsson voru fjarverandi.

Haukur segir að sumarið hafi verið erfið en ekkert annað sé í spilunum en halda skipinu á floti, uppgjöf sé ekki í boði.

„Sumarið var erfið, því er ekki hægt að neita. Það var ekki mikil mæting á leiki liðanna okkar og áhuginn virtist ekki vera mikill. Ég vil koma á framfæri kærum þökkum til Víkinga sem gripu okkur í þessu veseni okkar og leyfðu okkur að spila í Safamýrinni og síðasta vetur fengum við frábæran stuðning frá Stjórninni, Fylki, Álfanesi og Sporthúsinu, ég verð hálf klökkur þegar ég hugsa til velvildar þessara félaga og í raun allra í garð okkar Grindvíkinga. Ég tel góðan árangur liðanna okkar að

hafa haldið sæti sínu í deildunum og nú er bara að halda áfram. Við erum himinlifandi yfir samstarfinu við nágranna okkar í Njarðvík og starfið í kringum kvinnaknattspyrnuna er komið á fullt, það lítur mjög vel út. Gylfi Tryggvason var ráðinn þjálfari en hann var aðstoðarþjálfari kvennaliðs HK auk þess að þjálfari yngri flokka hjá félaginu. Hann hefur líka þjálfað yngri flokka hjá Fylki Stjórninni og Árbæ.

Njarðvíkingarnir voru það flottir að semja við okkur þannig að þegar við getum snúið til baka til Grindavíkur munu Njarðvíkurstelpurnar færa sig niður um deild og þau buðust líka til að liðið heiti Grindavík/Njarðvík en ekki öfugt. Í karlaboltanum er þetta flókna, þar þarf liðið sem heldur ekki velli í viðkomandi deild, að flytjast niður í neðstu deild. Engin lið eru að fara semja við okkur á þeim forsendum að þau þurfi að flytjast á byrjunarreit enda myndum við ekki fara fram á það. Þess vegna var aldrei inni í myndinni að sameinast öðru liði, við ætlum að berjast fyrir samfélagið okkar en við teljum mjög mikilvægt fyrir grindvískt samfélag að íþróttaliðunum okkar gangi vel. Upplegg okkar á síðasta tímabili var að vera með sem flesta Íslendinga, með fullri virðingu fyrir útlendingum en það bara gekk ekki upp. Þess vegna var liðið mikið



Stjórn knattspyrnudeildar UMFG hélt fyrsta stjórnarfundinn í Gula húsinu í síðustu viku.

til mannað með útlendingum og þá vill það oft gerast að tenging bæjarbúa við liðið rofni og sú varð raunin í sumar, það var ekki mikill áhugi á fótballiðinu og því ætlum við að breyta. Það er gífurlegur efniviður á leiðinni upp hjá okkur og ég efast um að 25 leikmenn hafi nokkurn tíma verið í öðrum flokki hjá Grindavík á sama tíma. Þarna eru strákar sem urðu Íslandsmeistarar í 5. flokki fyrir nokkrum árum og meðal þeirra eru strákar sem komnir eru í unglíngalandslið. Við munum styrkja liðið en oft er talað um hina svokölluðu hryggjar-súlu fótballiðs, að hún sé sterkbyggð með reyndum leikmönnum í stöðum sem ganga upp miðjan völlinn, markmaður, hafsant, miðjumaður og sóknarmaður. Við munum vanda valið og ég er strax farinn að hlakka til næsta tímabils og fylgjast með okkar efnilegu leikmönnum. Við vorum mjög ánægðir með Harald Árna Hróðmarsson sem tók við meistaraflokknum þegar skammt var liðið á móti. Marko Valdimar Jankovic verður honum til aðstoðar á komandi tímabili, við treystum þeim og Alexander Veigari Þórarinssyni sem mun þjálfari annan flokkinn, til að leiða þessa ungu og efnilegu Grindvíkinga, ásamt nokkrum reyndum eldri leikmönnum.“

## Hver á að borga?

Draumur grindvískis knattspyrnufólks og forkólfa er að geta snúið aftur til Grindavíkur sem fyrst en allir gera sér grein fyrir að það verði ekki á næstunni. Knattspyrnudeildin óskaði eftir leyfi Almannavarna til að fá að taka eina æfingu í Grindavík á síðasta tímabili og jafnvel að spila einn heima-leik en það leyfi fékkst ekki. Það verður ekki einföld ákvörðun að taka ákvörðun um að spila heima-leiki þótt leyfi fái, hver er að fara sjá um völlinn, búningaástöðuna og þau fjölmörgu atriði sem snúa að rekstri knattspyrnuhúsa? Hugsunarháttur forkólfanna snýst ekki um að snúa til Grindavíkur næsta sumar, það er óraunhæft á þessum tímabili. Meistaraflokkur karla hefur fengið inni í Skessunni, knattspyrnuhúsi FH, en ekki er komið á hreint hver borgar brúsnan og þar sem allt er í uppnámi í íslensku stjórnarferi í kjölfar stjórnarslita eru mál knattspyrnudeildar UMFG í lausu lofti.

„Sem betur fer leystust mál körfuknattleiksdeildar UMFG og þau fengu inni í Smáranum, við töldum okkur vera langt komna með sambærilegan stuðning vegna æfinga okkar í vetur hjá FH-ingum en það á eftir að ganga frá þeim samningum. Við erum því aðeins í lausu lofti og vonumst til að geta

klárað þessi mál sem fyrst. Það er nógu erfið fyrir okkur að snúast í kringum allt en þurfa ekki líka að hafa áhyggjur af svona stóru máli. Hvar við spilum heima-leikina okkar á næsta tímabili er ekki komið á hreint, við erum ekki með neina drauma nema bara Grindavíkina okkar en hvort það verði næsta sumar er ekki í okkar höndum. Eins og staðan er núna finnst okkur Kaplakríki líklegur heimavöllur okkar en það á alveg eftir að ganga frá því en FH-ingar eiga heiður skilinn fyrir hversu vel þeir hafa tekið okkur. Það hefur verið skotið að okkur að flytja okkur á Suðurnesin en það er held ég ekki pláss fyrir okkur þar og hver veit, kannski þurfum við að flakka á milli valla til að spila heima-leikina okkar. Þetta er einfaldlega flókin staða en það er engan bilbug á okkur að finna, við ætlum að berjast til síðasta blóðdropa fyrir knattspyrnuna í Grindavík, það er of mikið í húfi til að gefast upp. Það verður gott þegar okkar aðstöðumál leysast og biðlum við í raun til þeirra sem hafa með málið að segja, að hjálpa okkur. Eins og ég nefndi áðan, það er nógu erfið að standa í þessu svo við bætum ekki eins stóru máli og aðstöðumáli inn í þá jöfnu. Við ætlum samt að vera hjartsýn og við hlökkum mikið til næsta sumars,“ sagði Haukur að lokum.

## 1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“

# Markamaskínan Óli Þór skoraði vel og heldur áfram

„Þetta var rosalegur slagur en eftir að hafa lesið hvað andstæðingur minn hafði að segja fyrir viðureignina, átti ég í raun ekki von á að ná að halda í við Leif, þess vegna var sigurinn þeim mun sætari,“ segir markamaskínan Óli Þór Magnússon. Hann vann Grindvíkinginn Leif Guðjónsson 9-8 í tipleik Víkurfrétta og heldur því áfram í leiknum. Leifur þarf hins vegar að gera sér að góðu að tippa í tipleik Nesfisks en þar hefur hann rekið af slyðru-orðið eftir hörmulega frammistöðu í fyrra. Leifi er þökkvæð þátttakan.

Úrslitin í leik Óla og Leifs réðust í síðustu spyrnuni í leik Everton og Fulham, Leifur var með 1 2 á leiknum á meðan Óli Þór var með 1 X. Fulham var yfir þar til komið var fram á fjórðu og síðustu mínútuna í upp-bótatíma, þá jafnaði Everton og leikurinn endaði því með X-tákni en hefði annars verið 2 og þar með hefðu framherjarnir skipt um hlutverk, Óli að sleikja sárin en Leifur ennþá að fagna sigri. Svona eru íþróttirnar og Óli Þór heldur áfram og mun mæta X úr Garðs-hluta Suðurnesjabæjar. Óli Þór er áfram auðmjúkur.

„Það var gaman að ná að leggja Leif sem er greinilega hörkugóður tippari. Það er oft stutt á milli hláturs og gráturs í þess og þetta datt mín megin núna. Mér líst vel á andstæðing minn og mun að sjálfsögðu leggja leik minn upp á þann máta að sigur sé takmarkað, ég hef aldrei farið í keppni öðruvísi en með það að markmiði að vinna, það er engin breyting á því núna hjá mér,“ sagði Óli Þór.

Andstæðingur Óla Þórs í næstu umferð verður Garðspían Þórunn Katla Tómasdóttir. Hún er frá Keflavík en lét eiginmanninn, Jón Ragnar Ástþórsson, teyma sig vestar á Reykjanesið og sér ekki eftir því.

„Ég hef alltaf haft áhuga á knattspyrnu og er í dag í stjórn Víðis. Okkar helsta og í raun eina baráttumál þessa dagana, er að fá þessari ákvörðun um staðsetningu gervigras vallarins í Sandgerði, breytt. Ég hef alltaf séð fyrir mér gervigras á milli byggðarkjarnanna, þannig vinnum við í að sameina okkur í stað þess að

sundra. Öll börn í Suðurnesjabæ þurfa að eiga jafnan rétt.

Ég hef nú ekki verið dugleg að tippa en fylgist alltaf vel með enska boltanum, Liverpool eru mínir menn og ég er ánægður með stöðu liðsins eftir stjórnaskiptin, sá nýi var greinilega að taka við góðu búi. Ég hef trú á að mínir menn verði meistarar á þessu tímabili og eigum við ekki að segja að ég stefni sem lengst í þessum tipleik, það byrjar með því að lækka rostann í Óla Þór,“ sagði Þórunn.



Óli Þór	Séðill helgarinnar	Þórunn
❌ ❌ ❌	Wolves - Crystal Palace	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Bournemouth - Man.City	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Ipswich - Leicester	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Liverpool - Brighton	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Nott.Forest - West Ham	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Southampton - Everton	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Cardiff - Norwich	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Hull - Portsmouth	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Leeds - Plymouth	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Middlesbro - Coventry	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Preston - Bristol City	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Q.P.R. - Sunderland	❌ ❌ ❌
❌ ❌ ❌	Sheff.Wed. - Watford	❌ ❌ ❌



Vilhjálmur, Helgi og Bryndís standa fyrir aftan Íslandsmeistarann Ástvald Ragnar en þau stóðu sig öll frábærliga á Íslandsmeistarinnu í boccia um helgina.

# Ástvaldur Íslandsmeistari í rennuflokki í boccia

Íslandsmóti Íþróttasambands fatlaðra í einliðaleik í boccia lauk seinnipartinn á sunnudag í Laugardalshöll eftir tveggja daga spennandi keppni. Mótið var haldið í samstarfi við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík sem fagnar 50 ára afmæli sínu í ár en ÍFR er elsta íþróttafélag fatlaðra á Íslandi.

Nítján keppendur frá Nes tóku þátt í mótinu og fjórir þeirra náðu á pall. Ástvaldur Ragnar Bjarnason varð Íslandsmeistari í rennuflokki, Bryndís Brynjólfssdóttir tapaði naumlega úrslitaleiknum um Íslandsmeistararitilinn í fyrstu deild og hafnaði í öðru sæti, Vilhjálmur Þór Jónsson hafði sigur í annarri deild og Helgi Sæmundsson endaði í þriðja sæti í fimmtu deild.



## LEIGA MEÐ KAUPRÉTTI Í BOÐI

Láttu 12 mánaða  
leigu ganga  
upp í kaupverð

Aðeins tvær íbúðir  
eftir á þessum  
kjörum

NYTT!



# NYJAR ÍBÚÐIR

VANDAÐAR EIGNIR Á FRÁBÆRU VERÐI Í VOGUM

### GRÆNABORG OG HRAFNBORG. VANDAÐAR OG UMHVERFISVÆNAR ÍBÚÐIR Í FJÖLSKYLDUVÆNU UMHVERFI

Nýjar þriggja til fjögurra herbergja íbúðir í Vogum. Stórar svalir sem bjóða upp á mikið útsýni. Loftræsting í öllum herbergjum, bæði inn og útblástur. Tenging fyrir rafhleðslustöð í bílastæði fylgir hverri íbúð.

Í Hrafnaborgum 5 eru minni íbúðir sem henta vel fyrstu kaupendum. Afar hagstæð verð fyrir glæsibúðir.

Verð frá kr. 58.000.000 // Leiga með kauprétti í boði

### ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR




**Arinbjörn**

Löggiltur fasteignasali

**822 8574**

arinbjorn@fastlind.is

## BÓKIÐ EINKASKOÐUN - SÝNUM SAMDÆGURS



### Mundi

Það er ekki víst að nýr erlendur aðili vilji selja gömlu góðu Freyju karamellurnar.

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

### Kamellusala ríkisins

Samkvæmt fréttum berjast nú fjögur alþjóðleg stórfyrirtæki um réttinn til þess að reka friðhafnarverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

Í fréttum Stöðvar 2 voru formenn ríkisstjórnarflokka spurðir um málið.

Sigurður Ingi, formaður Framsóknarflokksins sagði að mikilvægt væri að íslenskir hagsmunir væru þar tryggðir að við séum ekki bara að sjá enn eina alþjóðlegu flughöfnina heldur sé augljóst að þú sért að lenda á Íslandi.

Forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson hafði þetta að segja: „Fyrir réttinn til að reka þessa verslun, til að selja þessar karamellur, ilmvoð og annan varning sem þarna er seldur, og ef að stjórn ISAVIA kemst að því að miklu meira sé uppúr þessu að hafa fyrir hagsmuni ríkisins að láta menn keppast um og borga fyrir þennan rétt, þá list mér vel á það.“ Svo mörg voru þau orð.

Ég held að Suðurnesjamenn megi hafa af þessu máli miklar áhyggjur. Fjöldi starfsmanna á Suðurnesjum í Frihöfninni er nokkuð sambærilegur þeim fjöda starfsmanna á Akranesi sem misstu vinnuna þegar 3X stál varð gjaldþrota. Á Akranesi er fjöldi fólks sem heldur því fram að frumhlaup utanríkisráðherra um lokun sendiráðs Íslands í Rússlandi hafi haft mikið með þrot þessa fyrirtækis að gera. Í pólitíkinni hefur það raungerst þannig að hún flúði kjördæmið og er nú í framboði í Kraganum fyrir komandi Alþingiskosningar.

Forystumenn ríkisstjórnarflokka hafa sýnt það oft áður að þeir hafa engar áhyggjur af atvinnu-málum á Suðurnesjum. Hvað eru margir Suðurnesjamenn sem sitja í stjórn ISAVIA og hafa eitthvað um þetta mál að segja? Er alveg víst að þegar öllu er á botninn hvolft að ríkið muni bera meira úr bítum með erlenda fagaðila í friðhafnarrekstri þegar allt er reiknað inn í dæmið? Ég held ekki.

Verkefni stjórnar ISAVIA er klárlega að hámarka afkomu ISAVIA og greiða svo arð til ríkisins. En um leið og starfsmönnum Friðhafnarinnar fækkar og launin lækka, þá fær kannski ISAVIA meira - en ríkið á endanum fær minna og klárlega fá sveitarfélögin á Suðurnesjum minna. Þetta er nefnilega sami ríkiskassinn bara sithvor vasinn.

Ég efast stórlega um að treysta stjórnmalamönnum sem skilja það ekki fyrir stjórnartauum landsins.

*Gleðilegan kosningamánuð.*